

Fyrirspurn

til matvælaráðherra um dýratilraunir.

Frá Andrési Inga Jónssyni.

- Hversu mörg leyfi hafa verið veitt til dýratilrauna undanfarin fimm ár og hversu mörgum umsóknum um dýratilraunir hefur verið hafnað á sama tímabili?
- Til hvaða dýra hafa umræddar tilraunir náð og hvers eðlis hafa þær verið?
- Hvaða fyrirtæki hafa fengið leyfi til dýratilrauna undanfarin fimm ár?
- Hafa leyfi til dýratilrauna verið veitt í öðrum tilgangi en í vísindaskyni?
- Hvernig er eftirliti með dýratilraunum á Íslandi háttað?

Skriflegt svar óskast.